

Minnisblað

Höfundur: Gerður Björk Sveinsdóttir

Viðtakandi: Bæjarstjórn Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar

Patreksfirði: 18. júní 2024

Málsnúmer: 2405085 GBS

Nafn á sameinað sveitarfélag:

Á 4. fundi undirbúningsstjórnar um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar var samþykkt að kallað yrði eftir tillögum frá íbúum um nafn á nýtt sveitarfélag. Í framhaldi af því yrðu tillögur sendar áfram til örnefndanefndar til umsagnar.

Óskað var eftir tillögum frá íbúum Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar að nafni á nýtt sameinað sveitarfélag á heimasíðu Vesturbyggðar þann 15. febrúar s.l. og á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps þann 16. febrúar s.l. Frestur til að senda inn tillögu var til kl. 13 fimmtudaginn 29. febrúar. Menningar- og ferðamálafulltrúi Vesturbyggðar tók við tillögunum en einnig mátti skila þeim inn á skrifstofur sveitarfélaganna.

Alls bárust 73 innsendingar og 111 tillögur að 48 nöfnum. Nafnið Vesturbyggð var oftast lagt til, þ.e. 53 sinnum, Tálknabyggð þar á eftir sex sinnum og Látrabyggð fjórum sinnum. Öll önnur nöfn voru aðeins lögð til til einu sinni eða tvisvar sinnum.

Á 5. fundi undirbúningsstjórnar var samþykkt að senda tillögurnar til Örnefnanefndar til umsagnar og lagt í hendur nýrrar bæjarstjórnar að vinna málið áfram.

Umsögn Örnefnanefndar barst 14. Maí sl. Þar sem mælt var með sjö nöfnum:

Barðsbyggð, Kópsbyggð, Látrabyggð, Látrabjargsbyggð, Suðurfjarðabyggð, Tálknabyggð eða Vesturbyggð

Bæjarstjórn Sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar lagði umsögnina fyrir á 1. fundi sínum þann 29. maí sl. þar sem lagt var til að unnin yrði skoðanakönnun meðal íbúa um nafn á nýtt sveitarfélag þar sem kosið yrði á milli nafnanna sem Örnefnanefnd mælti með að undanskildu nafninu Látrabjargsbyggð.

Könnunin var unnin í gegnum vefinn betra.is þar sem íbúum svæðisins fæddir 2008 og eldri gátu valið á milli nafnanna. Könnunin stóð yfir dagana 11. til 17. júní.

Niðurstaða könnunarinnar er eftirfarandi:

Tillaga	Atkvæði	Hlutfall
Vesturbyggð	314	90,5%
Suðurfjarðabyggð	19	5,5%
Tálknabyggð	7	2,0%
Látrabyggð	4	1,2%
Barðsbyggð	2	0,6%
Kópsbyggð	1	0,3%
	347	